

# GJALDSKRÁ

## Vatnsveitu Dalvíkur.

Gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Dalvíkur er byggð á lögum nr. 32/2004, um vatnsveitur sveitarfélaga, ásamt síðari breytingum og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

### 1. gr.

#### *Vatnsgjald.*

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar, sem liggja við vegi eða opin svæði þar sem vatnsæðar liggja, ber að greiða vatnsgjald árlega til Vatnsveitu Dalvíkur og skal það vera eftirfarandi:

- a) Vatnsgjald íbúðarhúsnæðis verði fast gjald 8.634,07 kr. pr. íbúð og 205,05 kr. pr. fermetra húss.
- b) Vatnsgjald af öðru húsnæði en íbúðum verði fast gjald 17.268,13 kr. pr. eign og 205,05 kr. pr. fermetra húss.
- c) Árleg vatnsgjöld fyrir sveitabýli, eitt íbúðarhús og útihús á sömu kennitölu skulu vera eitt fastagjald og fullt fermetragjald af íbúðarhúsinu og 1/2 fermetragjald af öðrum húsum.
- d) Álagning skv. stafliðum a, b og c hér að framan skal þó aldrei vera meiri en 0,4% eða minni en 0,2% af fasteignamati allra húsa og lóða.

### 2. gr.

#### *Gjalddagar.*

Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist vatnsgjaldið með fasteignasköttum.

### 3. gr.

#### *Aukavatnsgjald.*

Auk vatnsgjalds, skulu fyrirtæki og aðrir, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, greiða auka-vatnsgjald sem hér segir:

<i>Aukavatnsgjald</i>	<i>kr./m<sup>3</sup></i>
fyrstu 100.000 m <sup>3</sup>	28,54
100.000 - 250.000 m <sup>3</sup>	25,91
eftir 250.000 m <sup>3</sup>	23,63

Aukavatnsgjald skal innheimta samkvæmt mæli sem Vatnsveita Dalvíkur leggur til.

### 4. gr.

#### *Mælaleiga.*

Greiðendur aukavatnsgjalds skulu á tveggja mánaðarfresti greiða mælagjald vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælagjald, kr./dag</i>
að 32 mm	12,91
40 mm	12,91
50 mm	15,31
80 mm	36,82
100 mm	65,49

5. gr.  
*Heimæðargjald.*

<i>Dvermál inntaks</i>	<i>Inntaksgjald kr.</i>	<i>Yfirlengd kr./m</i>
25 mm	204.484	9.277
32 mm	295.365	9.277
40 mm	374.886	9.277
50 mm	499.848	9.277
63 mm	704.332	9.277
75 mm	999.697	9.277
90 mm	1.476.824	9.277

Yfirlengd reiknast af heimtaug sem er lengri en 50 metrar í lóð viðkomandi mannvirkis. Heimæðar 110 mm og víðari greiðast samkvæmt reikningi. Heimæðargjald er miðað við vísitölu byggingarkostnaðar 1. september 2015, 128,0 stig og breytist til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

6. gr.  
*Ábyrgð á greiðslu gjalda.*

Eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds og heimæðargjalds, en notandi, ef hann er annar en eigandi, ber ábyrgð á greiðslu aukavatnsgjalda og leigugjalda. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 9. gr. laga nr. 32/2004. Vatnsgjald og heimæðargjald, ásamt vöxtum og áföllnum kostnaði, nýtur lögveðsréttar í fasteign eiganda næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfaraveði. Aukavatnsgjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 15. september 2015, er sett með stoð í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga. Jafnframt fellur gjaldskrá Vatnsveitu Dalvíkur nr. 1296/2014 úr gildi.

Gjaldskráin gildir frá og með 1. janúar 2016.

*Dalvíkurbyggð, 11. nóvember 2015.*

**Bjarni Th. Bjarnason** sveitarstjóri.